



Minnisblað fyrir umhverfis- og mannvirkjaráð

Efni: Gjaldskrá sorphirðu 2025

Dagsetning: 27. júní 2024

Málsnúmer: 2022110167

Aðdragandi

Þann 1. janúar 2023 tók gildi breyting á á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlum úrgangs. Breytingin felur m.a. í sér að sveitarfélög skuli koma á sérstakri söfnun á matarleifum, plastumbúðum og pappír og pappa við íbúðarhús í þéttbýli. Um þetta er getið í 10. gr. laganna.

Í 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs segir að sveitarfélag skuli innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Gjöld skulu nægja fyrir allri meðhöndlun úrgangs og rekstri málaflokksins en skal þó ekki vera hærri en nemur þeim kostnaði sem fellur á sveitarfélagið vegna starfseminnar.

Sorphirðugjöld skulu vera sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu og miða t.d. við magn, gerð og losunartíðni úrgangsins. Þó er heimilt að innheimta fast gjald á hverja fasteignareiningu til þess að innheimta allt að 25% af heildarkostnaði.

Innleiðing á breyttu sorphirðukerfi hjá Akureyrarbæ er hafin og samhliða því þarf að taka ákvörðun um gjaldskrá næsta árs sem byggir á nýju kerfi. Í þessu minnisblað er að finna tillögu að gjaldskrá ársins 2025 ásamt upplýsingum um vinnuna að baki tillögunnar.

Forsendur og aðferðir útreikninga

Við álagningu sorphirðugjalda verður notað álagningarkerfi HMS sem gerir ráð fyrir að ákveðið gjald sé lagt á hvert ílát sem og fast gjald á hverja íbúð. Þetta kerfi er þegar í notkun hjá sveitarfélögum sem hafa innleitt nýtt flokkunarkerfi og hefur gefist vel.

Þrjár gerðir af ílátum verða í boði á Akureyri; tunnur og ker, yfirborðsgámar og djúpgámar. Tunnur og ker eru í boði fyrir hús og húsaþyrpingar af öllum stærðum og gerðum en yfirborðsgámar og djúpgámar henta fyrir stærri fjölbýli og íbúðaþyrpingar sem sameinast um ílát. Akureyrarbær mun eiga tunnurnar, kerin og yfirborðsgámanna og verður leiga vegna þeirra íláta hluti af gjaldi en djúpgámarnir verða í eigu fasteignareigenda.

Lagt er upp með að árgjald verði innheimt fyrir ílátin. Tunnur og ker munu vera með fasta hirðutíðni; hirðu á tveggja vikna fresti fyrir matarleifar og blandaðan úrganga og á fjögurra vikna fresti fyrir plastumbúðir og pappír og pappa. Lagt er til að hirðutíðni yfirborðsgáma og djúpgáma verði breytileg eftir fjölda íbúða og stærð gámanna. Hægt verður að aðlaga hirðutíðni gáma að þörfum íbúa þegar reynsla er komin á kerfið.



Akureyrarbaer

Þetta fyrirkomulag mun óhjákvæmilega leiða til þess að sorphirðugjöld í sérbýli verða almennt hærri en í fjölbýli og þar sem íbúðir sameinast um ílát. Eins og fyrirkomulagið hefur verið til þess, þar sem sama gjald hefur verið lagt á allar fasteignareiningar, má segja að íbúðir í fjölbýli hafi niðurgreitt sorphirðu í sérbýlum þar sem kostnaður við þjónustuna er hærri þar sem hver fasteignareining er með sér tunnu en þar sem ílátum er deilt.

Við útreikninga á sorphirðugjöldum var notaður áætlaður kostnaður við þjónustu næsta árs. Útreikningar á breytilegum kostnaði byggja á áætluðu heildarmagni úrgangs þeirra flokka sem safnað verður við heimilin, fjölda og umfang þeirra íláta sem áætlað er að verði notuð, áætluðum kostnaði við hirðu og meðhöndlun úrgangsins og reiknaðri leigu á ílátum.

Fastur kostnaður, sem leggst jafnt á öll heimili, samanstendur af áætluðum kostnaði vegna reksturs og viðhalds á grenndarstöðvum og gámasvæði, söfnunar á textíl, umhirðu rusladalla í bæjarlandinu og kostnaði við rekstur málaflokks sormála sveitarfélagsins.

Tillaga að gjaldskrá

Hér að neðan má sjá tillögu að gjaldskrá. Ljóst er að sorphirðugjöld á sérbýli muni hækka, en þar sem fleiri en ein fasteignareining samnýta úrgangsilát muni hækkunin verða minni, standa í stað eða lækka eftir fjölda íbúða.

Lagt er til að fast gjald á hverja fasteignareiningu verði 23.000 kr. Tekjur sveitarfélagsins vegna fasts gjalds eru þá áætlaðar um 207 milljónir kr. eða um 37% af áætluðum kostnaði við þjónustuna. Það er talsvert yfir 25% hámarki sem kveðið er á um í 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og ljóst er að vinna þarf að því á næstu árum að lækka þennan kostnaðarlið.

Sorphirðugjald á árinu 2024 er 50.268 kr. á hverja fasteignareiningu. Ef kostnaði yrði áfram jafndreift á allar fasteignareiningar myndi gjaldið hækka um 22% og yrði 61.326 kr. árið 2025. Í nýju kerfi, þar sem sorphirðugjald er innheimt í samræmi við þann kostnað sem fellur til við hverja fasteignareiningu, er reiknað með að gjald á sérbýli með þrjár tunnur verði 82.400 kr. á næsta ári. Það er því talsverð hækkun á slíkar fasteignir. Hækkunin er minni í tvíbýlum og þrívýlum sem samnýta þau ílát sem gert er ráð fyrir í grunnsamsetningum þeirra íbúðagerða. Þar sem fjórar eða fleiri fasteignareiningar samnýta ílát er reiknað með að gjaldið standi í stað eða lækki.

Gjaldskráin í heild er birt í viðauka.

Unnið af ÍMJ og KB